

# Landsyfirrjettardómar 1878.

Mánudaginn 14. janúarmán.

Nr. 34/1877

Rjettvísinn

gegn

Einari Hieronymussyni  
úr Rangárvallasýslu.

Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða Einars Hieronymussonar á Ásólfskála í Vestur-Eyjafjallahreppi og öðrum upplýstum atvikum er það löglega sannað, að hann nóttina milli 10. og 11. septembermán. f. á. hafi brotízt inn í útiskemmu tengdaföður síns, Sveins bónda Jónssonar á Rauðafelli, með þeim hætti, að hann skar með ljáspík gat á þekjuna, tók burtu hellu af áreptinu, og smaug svo inn um opið. Í skemmuni, sem var forsvaranlega læst, og ekki er innangengt úr í neitt í-búðarhús, braut hann upp kistu og tók úr henni poka með 326 krónum í, 15 pund af smjöri, 2 pund af vorull og 3 brjef af exportkaffi, og loks tók hann af loptsfjölunum hjerumbil hálfnt nautsskinn. Allt þetta tók hinn ákærði í þeim tilgangi að hagnýta sjer það, og faldi það síðan á ýmsum stöðum, þar sem það seinna fannst eptir tilvísun hans, og hefur því verið skilað eigandanum aptur, öllu nema 15 krónum í peningum og 1 brjefi af exportkaffi, virtu 20 aura, sem hinn ákærði var búinn að eyða. Hið stolna er auk peninganna virt alls 13 kr. 30 a. Enn fremar hefur hinn

ákærði meðgengið, að hann veturinn 1874—75 hafi brotízt inn í sömu skemmuna og stolið úr henni nokkru af kjöti og fiski, sem virt hefur verið 1 kr. 25 a. Fyrir þetta athæfi er hinn ákærði, sem er 28 ára að aldri, og með aukarjettardómi Rangárvallasýslu 3. ágúst 1868, framkvæmdum 28. nóvbr. s. á., er dæmdur í 10 vandarhagga refsingu fyrir sauðapjófnað, nú aptur dæmdur fyrir aukarjetti sömu sýslu í 3ja ára betrunarhússvinnu, til að greiða í iðgjöld hins stolna til Sveins Jónssonar á Rauðafelli 16 kr. 45 a., sem og til að borga allan málskostnað, þar á meðal 6 krónur til svaramanns síns í hjerði, Þorvaldar sýslunefndarmanns Björnssonar á Núpakoti, en þeim dómi hefur verið skotið til landsyfirrjettarins eptir ósk hins ákærða.

Þetta afbrot hins ákærða hefur undirdómarinn rjettilega heimfært undir 232. gr. 2. atr. í hegningarlögunum, og með því að hegningin eptir öllum mála-vöxtum virðist hæfilega ákveðin í undirrjettardóminum eptir tjeðum lagastað, þá ber að staðfesta undirrjettardóminn, einnig að því er snertir iðgjöld hins stolna og málskostnað í hjerði. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12 kr. handa hvorum þeirra.

Þess ber að geta, að undirdómarinn ekki hefur lagt fram undir þessu máli eptirrit af dómi þeim, er áður hafði gengið yfir ákærða, sem þó hefði átt að vera; að öðru leyti hefur meðferð málsins í hjerði eins og líka sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á óraskaður að standa. Ákærði Einar Hieronymusson borgi allan af áfrýjun

málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1877:

Rjettvísing

gegn

Þorbjörgu Jóhannesdóttur.

Ályktun:

Enda þótt ekkert sje fram komið í sök þessari, sem á verulegán hátt veiki framburð hinnar ákærðu, Þorbjargar Jóhannesdóttur, um að hún hafi nóttina milli 11. og 12. septbr. f. á. fætt á laun og líflátið barn sitt, er á hinn bóginn ástæða til þess, að ítarlegri upplýsinga sje leitað um ýms atriði, sem gætu miðað til þess að ljósara verði um afbrot hinnar ákærðu.

1. Í því efni er nauðsynlegt, að presturinn Guðmundur Bjarnason og kona hans sjeu nákvæmlega yfirheyrð fyrir rjetti um þau atriði, sem tjeður prestur hefur skýrt frá í brjefi til prófdómarans dags. 13. septbr. f. á., þar á meðal um atvik þau, sem orðið hafi til þess, að grunsemd fjell á hina ákærðu um það, að hún hefði fætt á laun, sem og sjerhvern annan viðburð og álit, sem ofannefnt brjef inniheldur. Enn fremur ætti prófdómarinn að grenslast eptir, hverjar skýrslur þeir, sem voru á sama heimili og hin ákærða, eða aðrir, sem hafa haft kynni af ákærðu, geti gefið, bæði um það, hvort hún hafi verið vanfær, og hverjar aðfarir